

Selfoss upp í Lengjudeildina



Meistaraflokkur karla í knattspyrnu tryggði sér sl. laugardag sæti í Lengjudeildinni árið 2027 með 2-1 sigri á JÁVERK-vellinum. Selfoss endaði í 2. sæti deildarinnar með 45 stig eftir 22 leiki. Liðið vann 13 leiki, gerði sex jafntefli og tapaði aðeins þremur. Selfoss skoraði 55 mörk og fékk á sig 36. Liðið fylgir Haukum upp í Lengjudeildina. Mynd: UMFS.

Ný dreifingarmiðstöð Eimskips styrkir innviði og atvinnulíf á Suðurlandi

Fyrsta skóflustungan að nýrri dreifingarmiðstöð Eimskips við Breiðumýri 8 á Selfossi var tekin síðastliðinn föstudag og eru framkvæmdir hafnar. Gert er ráð fyrir að starfsemi fyrirtækisins flytjist úr núverandi húsnæði við Háheiði 8 í ágúst 2027.

Húsið verður 1.290 m² á rúmlega 10.000 m² lóð og hannað þannig að unnt verði að stækka það síðar. Miðstöðin verður búin nútímalegum lausnum.

„Við erum ákaflega stolt af því að þetta sé farið af stað og við munum nýta húsið til að létta

á okkar innviðum í Reykjavík,“ segir Vilhelm Már Þorsteinsson, forstjóri Eimskips.

Dreifingarmiðstöð Eimskips á Selfossi þjónar í dag Árnes- og Rangárvallasýslum, frá Selvogi í vestri að Markarfljóti í austri. Frá því starfsemin flutti í núverandi húsnæði árið 2011 hefur íbúafjöldi á þjónustusvæðinu aukist um meira en helming og atvinnulíf svæðisins tekið miklum breytingum. Að sögn Eimskips mun staðsetningin, ásamt nýrri Ölfusárbrú, stytta flutningsleiðir og draga úr þungaflutningum um Selfoss.

Verkefnið er að stærstum hluta í höndum sunnlenskra fyrirtækja. Efla á Selfossi hannaði húsið og Landstólpi í Gunnbjarnarholti annast byggingu þess. Nýja miðstöðin er stærsta fjárfestingarverkefni Eimskips á árinu 2026.

Framkvæmdinni er ætlað að bæta aðstöðu starfsfólks, auka afhendingaröryggi og styrkja þjónustu við heimili og fyrirtæki á ört vaxandi þjónustusvæði Eimskips á öllu Suðurlandi og styðja áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífs og samfélags um allt svæðið.

SEG



Vilhelm Már Þorsteinsson, forstjóri Eimskips sá um að taka fyrstu skóflustungu að nýrri dreifingarmiðstöð Eimskips að Breiðumýri 8 á Selfossi. Mynd: Dagskráin/SEG.

Fáðu fagmann í verkið



Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



Gagnheiði 26, Selfoss ■ 480 3300 ■ www.trs.is



Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996



Heitt á könnunni
og kleinur á
meðan þú bíður
í september

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Við prentum ljósmyndir í öllum
algengustu stærðunum.



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

Kirkja hins heilaga Kross vígð á Selfossi

Laugardagurinn 5. september 2026 verður lengi í minnum hafður í sögu kaþólsku kirkjunnar á Suðurlandi. Þann dag vígði Davíð Bartimej Tencer biskup hina nýju Kirkju hins heilaga Kross á Selfossi að viðstöddu miklu fjölmenni.

Kirkjan stendur við Móa-veg, skammt frá bökkum Ölfusár. Samkvæmt upplýsingum Reykjavíkurbiskupsdæmis komu um 600 manns saman til vígslunnar. Sama dag fór jafnframt fram æskulýðsdagur biskupsdæmisins á Selfossi í blíðskaparveðri.

Athöfnin hófst fyrir utan kirkjuna þar sem Davíð biskup og Bragi Bjarnason, bæjarstjóri Árborgar, klipptu á borða við inngang kirkjunnar. Að því loknu hófst sjálf vígsluathöfnin og hátíðarmessan.

Flairi komu en kirkjan rúmaði

Mætingin fór fram úr björtustu vonum, meira að segja svo að



Mynd: Kaþólska kirkjan.

naumt varð um plássíð. Færri komust inn í kirkjuna en vildu. Setið var í öllum sætum og fólk stóð horna á milli og fyllti salinn milli veggja, ganginn og út um dyr kirkjunnar. Einnig stóð fólk úti við gluggana og horfði inn og sumir fylgdust þannig með nær allri athöfninni.

Þessi mikli fjöldi setti sterkan svip á alla vígsluna. Fyrir þann sem tók þátt í helgihaldinu var

áhrifamikið að syngja litaníuna og heyra svör þessa mikla safnaðar óma til baka. Sú stund gleymist ekki.

Það er athyglisvert að bera þetta saman við stöðuna aðeins ári fyrr. Sunnudaginn 14. september 2025, á hátíð upphafningar hins heilaga Kross, var messað í kapellunni í Smáratúni 12 á Selfossi. Hún rúmaði liðlega 30 manns og var þéttsetin. Þann dag flutti séra Denis O'Leary söfnuðinum þær gleðifréttir frá Davíð biskupi að frá þeim degi hefði verið stofnuð sérstök Sókn hins heilaga Kross á Selfossi.

Tæpu ári síðar komu um 600 manns til vígslu nýju kirkjunnar – og jafnvel hún rúmaði ekki alla sem vildu vera viðstaddir.

Ragnar Geir Brynjólfsson
Hægt er að lesa grein Ragnars í
fullri lengd á kirkju.net.




Brjóstaskimun skiptir máli

Selfoss
2.-12. nóv.

brjostaskimun@landspitali.is
543 9560

Bókaðu tíma
Schedule your appointment
Zarejestruj się teraz na



SUNGID INN Í HELGINA Á LAUGARVATNI

GÓÐAN DAG KÆRU SUNNLENDINGAR

Sjaldan er um tóma stund að ræða í Menntaskólanum að Laugarvatni. Nemendafélagið Mímir stendur fyrir ýmsum viðburðum yfir skólaárið til að halda félagslífinu fjölbreyttu og skemmtilegu. Fimmtudaginn 3. september var haldið „Kleó“-kvöld en það er kareóíkíkeppni þar sem nemendur fá tækifæri til þess að stíga á stökk og taka lagið fyrir framan fullan sal skólafélaga.

Keppnin er fyrst og fremst hugsuð sem góð skemmtun og tilbreyting frá hversdagsleikanum. Attriðin voru mörg og ansi fjölbreytt. Það voru þeir Vésteinn Loftsson og Valgeir Örn Ágústsson sem sigruðu að þessu sinni en þeir tóku lagið Komdu nú með inn í álfanna heim úr barnamyndinni Benedikt Búálfur.

Viðburður sem þessi byggir upp sjálfstraust keppenda með því að koma fram og láta rödd og orku sína skína. Satt að segja leynast miklir hæfileikar innan þessa nemendahóps og alltaf gaman að sjá fólk fara út fyrir þægindarammann sinn og fá hvatningu frá skólafélögum. Það er einmitt þetta sem gerir félagslífið í ML svo gott.

Nú styttest í Blítt og Létt sem er undankeppni skólans fyrir Söngkeppni framhaldsskólanna en hún verður haldin 29. október næstkomandi. Það er aldrei að vita nema þau sem byggðu upp kjarkinn með því að taka þátt í Kleó taki það einu skrefi lengra og komi þar fram.

Metta Malín Bridde,
ritnefndarformaður Stjórn Mímis

Myndir: Amelía Íris Unnarsdóttir,
vef- og markaðsstjóri nemendafélagsins Mímis.



Mesta fjölgun ríkisstarfa á Suðurlandi – samt með lægsta hlutfall stöðugilda

Á nýliðnu ári varð mesta fjölgun ríkisstarfa á landinu öllu á Suðurlandi. Samkvæmt nýrri skýrslu Bygðastofnunar um staðsetningu stöðugilda á vegum ríkisins bættust 79 ný störf við í landshlutanum á milli árána 2024 og 2025, sem jafngildir 4,4% vexti.

Stór hluti fjölgunarinnar í Árborg og Uppsveitum
Vöxturinn á Suðurlandi er drifinn áfram af uppbyggingu á grunnþjónustu landshlutans. Sveitarfélagið Árborg trónir á toppnum yfir öll sveitarfélög landsins með fjölgun upp á 74 stöðugildi. Þessa fjölgun má að stærstum hluta rekja til fjölgunar stöðugilda hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) og Lögreglunni á Suðurlandi. Í Hrunamannahreppi ríflega fjórfölduðust ríkisstörf, úr þremur í fjórtán, í kjölfar opnun-

ar nýrrar heilsugæslu á Flúðum. Þá fjölgaði stöðugildum um sjö í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, eða sem nemur ríflega 14%, aðallega í tengslum við starfsemi Landsvirkjunar á svæðinu. Einnig varð ágætis vöxtur í Mýrdalshreppi, Bláskógabyggð, Vestmannaeyjum, Skaftárhreppi og Ölfusi.

Tækifæri til sóknar þar sem dregur saman
Þótt heildarmyndin sé afar björt fyrir Suðurland sýna gögnin einnig samdrátt í ákveðnum sveitarfélögum. Störfum fækkaði í Hveragerði um átta, meðal annars hjá Ási dvalar- og hjúkunarheimili og Heilsustofnun NLFÍ. Einnig varð samdráttur í Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra, sem skýrist meðal annars af færslu starfa hjá lögreglunni og Umhverfisstofnun. Lítils háttar samdráttur mældist

einnig í Grímsnesi og Grafningi ásamt Hornafirði.

Suðurland samt með lægsta hlutfall á landsvísi
Þótt fjölgunin sé afar jákvæð fyrir landshlutann dregur skýrslan einnig fram athyglisverða skekkju sem SASS mun beita sér fyrir að leiðrétta. Suðurland er fjölmennasti landshlutinn utan höfuðborgarsvæðisins en er þrátt fyrir það með lægsta hlutfall ríkisstöðugilda miðað við mannfjölda á vinnualdri. Einungis 7,7% íbúa á vinnualdri á Suðurlandi starfa hjá ríkinu, á meðan hlutfallið er 12% á höfuðborgarsvæðinu og tæp 12% á Norðurlandi vestra. Þetta undirstrikar að þrátt fyrir mikla fólksfjölgun og grósku á Suðurlandi hefur fjölgun ríkisstarfa til lengri tíma ekki haldið í við þá þróun.

SASS

	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Breyting frá 31.12.24
Höfuðborgarsvæði	13.271	7.132	20.402	+15 (+0,1%)
Suðurnes	830	838	1.668	-73 (-4,2%)
Vesturland	665	286	951	+27 (+2,9%)
Vestfirðir	310	192	502	-7 (-1,3%)
Norðurland vestra	366	182	547	-4 (-0,7%)
Norðurland eystra	1.719	736	2.455	+68 (+2,9%)
Austurland	438	222	660	-4 (-0,6%)
Suðurland	1.231	646	1.877	+80 (+4,4%)
Erlendis	41	35	76	+1 (+1,4%)
Samtals	18.871	10.268	29.139	+103 (+0,4%)

Breytingar á stöðugildum milli landshluta - sjáskot úr skýrslu Bygðastofnunar

	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Breyting frá 31.12.24	Íbúafjöldi 1. jan. 2026	Hlutf. landsmanna	Hlutf. stöðugilda landsins	Hlutf. stöðugilda af íbúum	Íbúafjöldi 18-69 ára	Hlutf. stöðug. af íbúum 18-69 ára
Höfuðborgarsvæði	13.271	7.132	20.402	+15 (+0,1%)	251.912	63,9%	70,0%	8,1%	170.413	12,0%
Suðurnes	830	838	1.668	-73 (-4,2%)	29.644	7,5%	5,7%	5,6%	20.919	8,0%
Vesturland	665	286	951	+27 (+2,9%)	17.997	4,6%	3,3%	5,3%	11.632	8,2%
Vestfirðir	310	192	502	-7 (-1,3%)	7.341	1,9%	1,7%	8,9%	4.922	10,2%
Norðurland vestra	366	182	547	-4 (-0,7%)	7.353	1,9%	1,9%	7,4%	4.655	11,8%
Norðurland eystra	1.719	736	2.455	+68 (+2,9%)	32.296	8,2%	8,4%	7,6%	21.215	11,6%
Austurland	438	222	660	-4 (-0,6%)	11.211	2,8%	2,3%	8,9%	7.426	8,9%
Suðurland	1.231	646	1.877	+80 (+4,4%)	36.570	9,3%	6,4%	5,1%	24.371	7,7%
Erlendis	41	35	76	+1 (+1,4%)	-	-	-	-	-	-
Samtals	18.871	10.268	29.139	+103 (+0,4%)	394.324	100%	100%	7,4%	265.553	11,0%

Stöðugildi skipt niður á landshluta - sjáskot úr skýrslu Bygðastofnunar

Tafla 3. Landshlutaskipting stöðugilda ríkisins.

	2016	2018	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Ásahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bláskógabyggð	57	60	65	65	66	53	56	65	62	65	70
Grímsnes- og Grafningahreppur	14	14	15	16	15	14	13	17	17	17	14
Flúðahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hrunamannahreppur	3	2	4	5	4	4	4	4	4	3	14
Hveragerðisbær	185	200	200	197	192	193	209	208	222	206	196
Mýrdalshreppur	34	37	41	41	40	41	43	44	40	44	50
Rangárling eystra	82	75	74	75	81	88	106	101	100	95	88
Rangárling ytra	66	66	105	103	99	98	100	99	97	85	79
Skaftárhreppur	26	24	26	28	30	30	27	31	33	34	36
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	40	39	44	58	57	50	47	50	51	49	56
Sveitarfélagið Árborg	589	561	583	588	621	656	677	776	850	852	926
Sveitarfélagið Hornafirður	101	108	127	129	126	140	135	141	149	141	137
Sveitarfélagið Ölfus	19	19	20	22	20	20	19	21	20	18	19
Vestmannaeyjabær	156	168	168	180	186	175	178	187	195	188	191
Samtals	1.406	1.426	1.676	1.617	1.631	1.563	1.610	1.748	1.836	1.798	1.877

Stöðugildi milli dra skipt niður í sveitarfélög - sjáskot úr skýrslu Bygðastofnunar

Tafla 11. Stöðugildi á Suðurlandi.

Það borgar sig að gera við skemmdina strax

Öryggi, áreiðanleiki og fagmennska eru okkar einkunnarorð.

Við hjá Carglass erum sérfræðingar í viðgerðum, rúðuskiptum og stillingu á myndavélakerfum í framrúðum.

- Hraðþjónusta - aðeins 30 mínútur
- Gerum við fyrir öll tryggingafélög
- Mikilvægt er að láta skoða stjörnu í framrúðu sem fyrst
- Framrúðuviðgerð er þér yfirleitt að kostnaðarlausu þar sem tryggingafélagið greiðir
- Umhverfisvænni kostur að laga stjörnu en að skipta um rúðu

Bókaðu tíma í dag



Þú getur bókað tíma með því að skanna QR kóðann



Réttir í Hrunamannahreppi

Réttastemningin var í hávegum höfð í Hrunamannahreppi sl. föstudag þegar bændur, fjöl-skyldur og aðrir gestir komu saman í árlegar Hrunaréttir. Myndir: Dagskráin/SEG.



Kjúklingur í rauðu karryi

Matgæðingur vikunnar er Héðinn Gunnarsson.

Ég þakka föður mínum kærlega fyrir tækifærið til að láta matgæðings ljós mitt skína. Ég ákvað að senda inn uppskrift að kjúklingi í rauðu karryi með naan brauði. Þetta er nokkuð vinsælt á heimilinu þegar ég elda þetta. Þetta er svona cirka uppskrift þar sem ég á þetta hvergi niðurskrifað fyrr en nú. En fyrst ætlum við að hræra í naan brauð sem passar einstaklega vel með þessum rétti.



Naan brauð
1,5 dl volgt vatn
2 tsk. sykurl
2 tsk. þurrger
4 dl hveiti
1/2 tsk. salt
3 msk. brætt smjör
2 msk. ab mjólk

1 msk. sykurl
2 msk. sojasósa
Um 800 gr kjúklingabringur
Edamame-baunir (frosnar)
Ferskur kóríander
Ferskt chili

Hvítlaufs smjör til penslunnar
50 gr brætt smjör
1 hvítlaufs rif, rifið úti
brædda smjörið
Garam masala krydd
Sjávar salt

Stundum nota ég eitthvað annað grænmeti, ég hef sett sæta kartöflu í þetta líka og svo sleppi ég stundum baununum, en þetta er svona algengasta útgáfan.

Blandið saman volgu vatni, ger og sykurl í skál og látið standa þar til það byrjar aðeins að freyða.

Byrjað er á því að hita olíu í potti og mýkja rifinn hvítlauk og rifið engifer við vægan hita.

Blandið saman við gerblönduna hveiti, salt, smjör og ab mjólk. Blandið þessu vel og látið svo standa í svona hálf tíma. Fint að leyfa þessu að standa á meðan maður byrjar á að gera kjúklingaréttinn.

Því næst set ég svo karrý maukið, ef fólki finnst ekki gott að hafa matinn sterkann þá má kannski setja aðeins minna en ég legg til þarna, en svo má líka fara framúr sér og setja meira.

Svo á meðan kjúklingurinn mallar á eftir þá er gott að skipta deiginu í 6 hluta og fletja þá út og steikja á pönnu í örlítilli olíu, þar til brauðið verður gullin brúnt. Þegar brauðið er tekið af pönnunni er mjög gott að pensla það með smá hvítlaufs smjöri, krydda með örlitlu garam masala og sjávar salti.

Þetta er steikt aðeins áfram, svona 4 mínútur. Því næst bæti ég niðurskornum þurrulauk saman við og svo svona eitt glas af vatni (250 ml) og hálfur kjúklingateningur og sykurl. Þetta er látið sjóða smástund og hrært á meðan, þar til svoldið af vökvanum gufar upp. Þá set ég gulræturnar niðurskornar úti og svo fer kókosmjólkinn saman við.

Kjúklingur í rauðu karryi
1–2 msk. olía
3 hvítlaufs rif
Svona 2 cm bútur af engiferrott
1/3 þurrulaukur
3–4 gulrætur
5 msk. rautt karrýmauk (keypt í krukku úti búð)
1/2 kjúklingateningur
Vatn
1 dós kókosmjólk (400 ml)

Kjúklingnum er síðan bætt út í ég sker bringurnar bara í nokkuð stóra bita, hver í bringa í svona 6 bita og allt látið malla við vægan hita í góðan hálf-tíma. Nokkrum mínútum áður en maturinn er borinn fram bæti ég edamame-baununum út í svo þær haldi aðeins bitinu. Rétturinn er borinn fram með hrísgrjónum, ferskum kóríander, söxuðu fersku chili og að sjálfsögðu naan brauðunum sem við vorum að baka.

Ég ætla að fara að fordæmi föður míns og skora á son minn Hlyn Héðinnson og bíð spennur eftir því að sjá hvað hann ætlar að bjóða matgæðingum suðurlands uppá.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bláðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentun: Prentmet Oddi Svansvottuð prentsmíða

Gáta vikunnar

Aðferð við að vinna starf, vinnu enga hefur. Starfsliðinu stjórna þarf, stór og vinnu gefur.

Svar við gátu í blaði 2869: ÚR

1. Úr, bæði armbandsúr og vasaúr - 2. Úr Reykjavík
3. Fara úr fótunum - 4. Þetta úr leiknum eða keppni



Raddir fyrrum unglingakórsfélaga hljóma á ný

Fyrrum félagar úr Unglingakór Selfosskirkju koma saman á ný og halda tónleika í Selfosskirkju sunnudaginn 20. september kl. 17.00. Margrét Bóasdóttir stjórnar kórnum og Sólveig Anna Jónsdóttir leikur með.

Hugmyndin kviknaði þegar fyrrum og núverandi kórfélagar sungu saman í tilefni af 70 ára afmæli Selfosskirkju fyrr á árinu. Samveran vakti upp góðar minningar og fljótlega kom upp sú hugmynd að hittast aftur, rifja upp gömlu lögin og halda tónleika. Nokkrar úr hópnum tóku málið í sínar hendur og skipulögðu endurfundi og æfingabúðir í Skálholti. Nú um helgina mun því hljóma á ný tónlist sem þátttakendur sungu saman fyrir allt að þremur áratugum, þá kór-söngvarar á unglingsaldri.

Mótandi ár og metnaðarfull verkefni

„Barna- og Unglingakórinn var mjög stór partur af mínum æsku-árum. Kirkjan og kórinn var staður þar sem mér leið alltaf vel, eignaðist vini sem deildu sama áhugamáli og ég. Metnaðurinn skein í gegn hjá kórstjórunum, ferðalög innan og utan landsteinanna, kóramót, kórakeppnir og skemmtilegustu helgarnar þegar farið var í æfingabúðir á

Laugaland eða Skálholt“ rifjar Bryndís Erlingsdóttir fyrrum kórfélagi upp í aðdraganda endurfundanna. Ragnheiður Ágústa Árnadóttir tekur í sama streng og segir „gaman að vera hluti af þessum stórkostlega hópi.“ Hún segist hlakka mikið til „að hitta aftur þessar flottu, sterku konur.“

Á þeim skamma tíma sem hópurinn hefur til að æfa er markið sett hátt. Efnisskráin mun samanstanda af verkum sem sungin voru á mismunandi tímabilum á fyrstu áratugum starfsins, og jafnvel munu fá að hljóma ný verk sem verða æfð sérstaklega fyrir þetta tilefni. Það verður spennandi að heyra hvernig þessum hópi, sem var svo heppinn að fá svo gott tónlistaruppeldi í veganesti, tekst til.

Rætur kórstarfsins liggja í barnakór sem Glúmur Gylfason stofnaði við Selfosskirkju árið 1988. Hann hafði gott lag á ungum söngvurum og beitti látbragði og einstökum aðferðum við að kenna þeim undirstöðuatriði söngsins. Stefán Þorleifsson kom til liðs við hann árið 1992 og átti sinn þátt í að glæða starfið lífi og sönggleði.

Frá Vivaldi til Washington

Mikil áhersla var lögð á gott foreldrasamstarf í kórstarfinu og jafnt og þétt var byggt upp öflugt

starf og verkefni kórsins urðu sífellt viðameiri og metnaðarfullri. Kórinn vakti athygli fyrir fallega framkomu og kröftugan og vel æfðan söng. Á sjötta starfsári kórsins var ráðist í það verkefni að æfa nokkuð viðamikil kirkjulegt verk, Glóriu eftir Vivaldi sem var svo flutt um vorið með pompi og prakt ásamt hljómsveit og kór Kórskóla Langholtskirkju. Ári síðar fór svo kórinn í sína fyrstu utanlandsferð til Skotlands.

Árið 1997 tók Margrét Bóasdóttir við stjórn Unglingakórsins og hélt áfram því metnaðarfulla starfi sem hafið var. Undir hennar stjórn kom kórinn meðal annars fram á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, flutti Ceremony of Carols eftir Benjamin Britten og fór í tónleikaferð til Bandaríkjanna. Þar söng kórinn meðal annars við opnun sýningar á íslenskum handritum í Library of Congress.

Árið eftir tók kórinn þátt í alþjóðlegri tónlistarhátið og kórakeppni í Cantonigros á Spáni og varð þar í fimmta sæti í flokki kvennakóra. Kórinn söng einnig við messu í dómkirkjunni í Barcelona. Sólveig Anna Jónsdóttir var meðleikari í þeirri ferð og verður nú aftur með hópnum á tónleikunum í Selfosskirkju.

Dýrmætt tónlistaruppeldi

Sú alúð sem stjórnendur Barna- og unglingakóranna hafa lagt í starfið verður seint fullþökkuð. Enn er ótalið framlag Jörgs Erich Söndermanns sem stýrði kórnum um skeið eða þar til núverandi kórstjóri, Edit Molnár tók við. Í hennar höndum blómstar þetta mikilvæga starf sem aldrei fyrr.

Sveitarfélaginu Árborg og Héraðssjóði Suðurprófastsdæmis eru færðar þakkir fyrir stuðning við verkefnið.

Tónleikarnir hefjast kl. 17.00 sunnudaginn 20. september í Selfosskirkju. Öll eru hjartanlega velkomin.

Mynd: Aðsend.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Vin, úr landi Hvamms - Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til þriggja reita úr landeigninni Vin, L232944. Á R1, R2 og R3 er gert ráð fyrir íbúðarhúsi og gestahúsi með svefnlofti. Hámarksbyggingarmagn hvers reits er allt að 430 m² og Hámarks mænishæð er 7,5 m frá jörðu en þök skulu vera hallandi. Á R4 er gert ráð fyrir allt að 210 m² skemmu og Hámarks mænishæð er 8,5 m frá jörðu og hallandi þaki.

Bílastæði við Hamragarða - breyting á deiliskipulagi

Deiliskipulagsbreytingin snýr að bílastæðum við Hamragarða. Verið er að færa rútubílastæði nær göngustígnum og færa vegteninga til að auka umferðaröryggi innan svæðisins. Byggingarheimildir haldast óbreyttar.

Sel í Landeyjum, lóð undir íbúðarhús - Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir spildu undir íbúðarhúsi úr jörðinni Sel, L210387. Heimilt verður að byggja þrjú hús á lóðinni, hámarksnýtingarhlutfall er 0,1 og hámarkshæð er 6 m frá gólfplötu. Þakhalli er á bilinu 0-45 gráður.

Dufpaksbraut - breyting á deiliskipulagi

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir viðbyggingarmögu-leikum við Dufpaksbraut 8, við hús Björgunarsveitarinnar, nýrri lóð fyrir slökkviliðsstöð ásamt því að hafa möguleika á þyrlupalli við Daufpaksbraut 6.

Ytra-Seljaland, frístundarbyggð norðan þjóðvegjar - Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til átta frístundalóða úr landi Ytra-Seljalands, L163773 eða á 10 ha svæði. Heimilt verður að byggja sumarhús með geymslu eða allt að 195 m².

Hólmalækur - Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir íbúðarhúsi og tveimur gestahúsum. Heildarbyggingarmagn er allt að 750 m², mænishæð allt að 10 m frá gólfplötu og mænisstefna er frjálís.

Ofangreindar tillögur er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt HMS og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli. Umsagnar- og athugasemdarfrestur er frá 11. september til og með 23. Október 2026. Umsögnum og athugasemdum skal skila skriflega í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra



Viltu slást í hópinn?

Hópur glaðværra kvenna sem eru í POWERtalk deildinni Jónu býður til kynningarfundar mánudagskvöldið 21. September kl 19: í Selinu, Engjavegi 48 á Selfossi. Kræsingar í fundahléi.

POWERtalk (áður ITC) byggist á jafningjafræðslu við að koma fram á fundum, halda ræður, skipuleggja fundi og stjórna þeim. Lögð er áhersla á jákvætt og uppbyggilegt starf þar sem félagar hvetja og styðja hvern annan. Eftir því sem færni og kjarkur vex verða verkefnin meira krefjandi. Allskonar leikir eru notaðir m.a. til þess að æfa stuttar óundirbúnar ræður og þá fær hugmyndaflugið að leika lausum hala og hláturinn ómar. Svo eru ýmsar gerðir af undirbúnum ræðum um nánast allt milli himins og jarðar, (nema flokkspólitik og trúmál). Félagar koma víða að og úr ólíkum starfsstéttum og því eru ræðurnar ólíkar og mjög fróðlegar.

Fundir eru tvisvar í mánuði, sept – maí og eru gestir ætíð velkomnir. Fundir eru auglýstir á

facebook síðunni: POWERtalk deildin Jóna, Selfossi.



FUNDIR



OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opið hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opið hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opið hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brossið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í
einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og
Al-Anon fundur strax að
honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-
kus. Poniedziałek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 -
Sporafundur - Konur

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Allt fyrir
sumarhúsið
og garðinn

Palla og skjólgirðingar

Viðbyggingar og
breytingarnar

Viðhald og endurbætur

Lýsingar og raflagnir

Jens sími: 778-7171

lögildur húsasmíða og
rafvirkja meistari
jgrettisson@gmail.com

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
17. sept. kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 17. sept. kl. 14:45-16:00

KYNNING Á
VETRARSTARFINU

kaffi og meðlæti í boði félagsins

Opið hús 24. sept. kl. 14:45.

Viðburðarstjórn kynnir efni á
opnu húsi til áramóta

Píla Pína í Hveragerði

Leikfélag Hveragerðis undir-
býr nú af kappi uppsetningu
á ævintýrasöngleiknum um litlu
ævintýragjörmu músina Pílu
Pínu. Hryggjarstykki sýningar-
innar eru ljóð eftir Kristján frá
Djúpalæk með lögum eftir Heið-
dísí Norðfjörð og Ragnhildi
Gísladóttur. Kristján er einmitt
eitt af Hveragerðisskáldunum
og því vel við hæfi að setja upp
þessa sýningu og heiðra verk
hans á 80 ára afmæli Hvera-

gerðisbæjar. Leikstjórn annast
Gunnar Gunnsteinsson en hann
er öllum hnútum kunnugur
þegar kemur að uppsetningum
barnaleikrita og þetta er þriðja
uppsetning hans með Hvergerð-
ingum, en áður leikstýrði hann
Benedikt Búálfi og Ávaxtakörf-
unni við frábærar undirtektir. Öll

tónlist hefur verið sett í nýjan
búning og ljá nýjar útsetningar
verkinu ferskan blæ. Leikritið
um Pílu Pínu skipar stóran sess
í hjörtum margra Íslendinga, en
saga hennar og ævintýri hafa
glatt kynslóðir barna. Frum-
sýnt verður í byrjun október og
verður miðasala auglýst síðar.



Vetrarstarfið hafið hjá Leikfélagi Selfoss

Leikfélag Selfoss hefur hafið
Læfingar á verkefni vetrarins.
Að þessu sinni verður leikverkið
Grandavegur 7 sett upp. Um er
að ræða leikgerð Kjartans Ragn-
arssonar og Sigríðar Margrét-
ar Guðmundóttur á samnefndri
skáldsögu Vigdísar Grímsdóttur.
Leikstjóri er Rúnar Guð-
brandsson, en hann hefur áður
sett upp þrjár sýningar með fé-

laginu, Sólarferð, Kirsuberja-
garðinn og Djöflaeyjuna.

Verkið er örlagasaga þriggja
kynslóða íbúa hússins að
Grandavegi 7, séð með augum
Fríðu, unglingssúlku sem sér
meira en aðrir sjá.

Stefnt er að frumsýningu við
lok október.

Fh. stjórnar LS



Fjölskyldusamverur í Selfosskirkju

Núna í vetur verður hefð-
bundinn sunnudagaskóli í
Selfosskirkju í frí en í staðinn
þjóðum við upp á Fimmtudags-
fjör.

Um er að ræða fjölskyldu-
vænar samverur seinnipartinn á
fimmtudögum, þar sem börn á
leikskóla- og yngri grunnskóla-
aldri koma saman með foreldrum
sínunum í hlýlegt, skapandi
og trúarlegt rými sem minnir á
sunnudagaskólann.

Markmiðið með Fimmtu-
dagsfjöri er að skapa öruggt og
skemmtilegt samfélag þar sem
börn fá tækifæri til að leika,
föndra, lita, syngja og hlusta
á stutta uppbyggilega frásögn.
Foreldrar fá á sama tíma rými til
að slaka á, hitta aðrar fjölskyldur
og njóta samveru í kirkjunni.

Starfið er sérstaklega hugsað
fyrir fjölskyldur sem vilja léttu,
jálkvæða og barnvæna samveru í
miðri viku.

Húsið opnar kl. 16:10 og
boðið er upp á hressingu, mynd-

ir að lita og frjálstan leik fyrir
börnin áður en stutt samvera
hefst kl. 16:30. Þar er sungið,
sagt frá fallegum sögum og þar
sem rík áhersla er á vináttu, kær-
leika og virðingu.

Samveran er stutt, skýr og
aðgengileg fyrir börn á öllum
aldri.

Fimmtudagsfjör er opið
öllum, óháð kirkjutengslum, og
hentar vel fyrir fjölskyldur sem
vilja efla tengsl, gleði og sam-
veru í lok dags.

Við í Selfosskirkju hlökkum
til að taka á móti ykkur og bjóða
ykkur velkomin í hlýtt og líflegt
samfélag kirkjunnar.





Guðmundur og Ingvar Íslandsmeistarar

Íslandsmótinu í spyrnugreinum, á malbiki, lauk helgina 4-6. september með þriðju kvartmílukeppni sumarsins og stórgóðum árangri sunnlenskra keppenda.

Guðmundur Gauti Ívarsson varð Íslandsmeistari í 1000cc flokki í rallycrossi. Guðmundur er einungis 17 ára. Titillinn hjá Guðmundi réðst á síðasta riðli eftir harða samkeppni í allt sumar.

Ingvar Jóhannesson varð Íslandsmeistari í torfæru. Ingvar sigraði titilinn í lokabrotinu í síðustu keppni og það munaði einungis einu stigi á milli 1. og 2. sætis á Íslandsmótinu.

Sýningar hafa opnað á Listasafni Árnesinga

Í haust er boðið upp á fjórar sýningar á Listasafni Árnesinga. Áhugi á þeirri merkingarsköpun sem verður til í tengslum manneskju við umhverfi sitt er sameiginlegur snertiflötur milli sýninganna. Þegar landslag er skimað berst það áhorfandanum gegnum síu persónulegrar skynjunar og sjónarhorns. Það sama er uppi á teningnum þegar við hlýðum á tungumál eða upplifum lífið í hversdagsleika sínum. Sem túlkendur höfum við áhrif á það hvernig heimurinn birtist okkur.

Opið alla daga nema mánu-daga og ókeypis aðgangur. Sýningarnar standa til 23. desember.



Listamenn sýningarinnar TENGSL II með Kristínu Scheving safnstjóra, Rut Marrow og Kristínu fv. sendiherra í Vín.



Ingimar Guðmundsson bæjarstjóri Hveragerðisbæjar og Rut Marrow verk-efnastjóri.



Kristín Gunnlaugsdóttir á verk á sýningunni TENGSL, hér með Elísabetu Jökulsdóttur.



Brigi fyrir framan verkin sín.



Árni Ben með Steinu og öðrum gestum.



Sigríður Rut Marrow ræðir við gesti.



Steina Vasulka og Aymen Gharbi frá Túnis.

Sátur í Búrfellsstöð frá Andritz Hydro

Landsvirkjun hefur samið við austurríska fyrirtækið Andritz Hydro GmbH um kaup á fjórum sátrum í Búrfellsstöð. Andritz Hydro mun sjá um hönnun, framleiðslu, afhendingu og hafa umsjón með uppsetningu. Verklök eru áætluð á fyrri hluta árs 2030. Heildarkostnaður við þessi fjögur sátruskripti í Búrfellsstöð nemur um 2,3 milljörðum króna og eru kaup á sátrunum sjálfum stærsti hluti þeirrar upphæðar.

Búrfellsstöð hóf rekstur árið 1969 og sátrur hennar voru fyrst endurnýjuð undir lok síðustu aldar. Sátrur er kyrrstæður hluti vélarinnar þar sem rafmagnnið myndast. Það umlykur rafalinn en snúningur hans framkallar rafstraum í spólum sátrursins.

Skipt um öll sátrur

Samkvæmt samningnum við Andritz Hydro verður skipt um fjögur sátrur á næstu fjórum árum. Árið 2023 var skipt um fyrsta sátrið í þessari endurnýjunarlotu og öðru sátrinu verður komið fyrir í vetur, en á sínum tíma var samið við önnur fyrirtæki um þann áfanga. Vélar Búrfellsstöðvar eru alls sex talsins.

Landsvirkjun og Andritz Hydro eiga farsælt samstarf að baki því austurríska fyrirtækið hefur áður útvegað búnað fyrir t.d. Sultartangstöð, Búrfell II og Fljótsdalsstöð.



Frá undirritun samnings Landsvirkjunar og Andritz Hydro, f.v.: Hildigunnur Jónsdóttir, forstöðumaður endurbóta, Thomas Locher, forstöðumaður sölu-eildar Andritz á þjónustu og viðhaldi, Ingólfur Örn Jónsson, stöðvarstjóri Þjórsárvæðis, Hörður Arnarson, forstjóri, Martin Hasenhuettl, forstöðumaður sölu-eildar Andritz á rafölum, Axel Sigurðsson, verk-efnastjóri, Hallbera Eiríksdóttir, sérfræðingur í innkaupum, Lena Mjöll Markúsdóttir, lögfræðingur og Gunnar Guðni Tómasson, framkvæmdastjóri vatnsafls. Mynd: Aðsend.



Ljóð vikunnar

TÆVAN-EYJA

Úr hvítum satínöldum
birtist þú sem eyja.
Heimþrá rekur
þéttan skóg úr dökku hári
upp á mjóar flatar fjörur
þaktar óteljandi skeljakossum.
Séð úr lofti
er fegurð þín svo heillandi
að ég lendi ákafur á þér.
Þú ert hafmey
í Kyrrahafi,
ímynd eilífrar ættjarðar minnar.

Lee Kuei-shien, Tævan 1937-2025
Þór Stefánsson þýddi úr
“Professor Yang Geum Hee’s Literary Stroll Abroad”, 2026
Málverk eftir Frans Minnaert



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi

Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



Bilverk BA

Far sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

**FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL**

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR
Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Fæst hjá
BYKO Selfossi



LAGNIR

**ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

prentmet
heildarlausnir í prentun



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is



**Stíflubjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.**



**ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR**

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS



**DÆLUBÍLAPÞJÓNUSTA
OG STÍFLULOSANIR**



510 1180 - 669 8441

Hellismýri 14 800 Selfoss stiflulosun.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Hægt er að senda inn fréttatilkynningar
á netfangið dfs@dfs.is

**LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM



Endurmenntun atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun - Meirapróf

okuland.is

ÖKULAND



NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is



Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

**Sprettur
ÁBURÐUR**

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is